

## Barnavinurinn besti. Bólusetninga Bill og mannvinaauðvaldið: I

Nafn auðjöfursins, William Henry eða Bill Gates þriðja (f. 1955), ber oft á góma, enda hefur mörg járn í eldinum, og, að því er virðist, sterka þörf fyrir að dást að sjálfum sér í spegli fjölmiðlanna.

Bill fjármagnar fyrirtæki; á sviði jarðartækni (geoengineering – Stratopheric-Controlled Perturbation Experiment) til breytinga á loftslagi; á sviði gervitunglaeftirlits (EarthNow Global Surveillance Project), verkefni, þar sem ráðgert er að skjóta 500 gervitunglum, hlöðnum myndtækni, á loft, svo fylgjast megi með jarðarbúum allan sólarhringinn; á sviði örflögubólusetninga og heilsufarsupplýsingatækni (Quantum Dot Tattoo), sem gerir yfirvöldum kleift að viðhafa eftirlit með smáforriti í snjallsíma; á sviði líffttækni (Oxitec), sem vinnur að bólusetningum með stungum úr erfðabreyttum mýflugum; á sviði dýrabólusetninga, sbr. rannsóknáætlun við háskólann í Eðínaborg (Edinburgh). Einkunnarorðin eru: „Ein jörð, ein heilsa, eitt tækifæri,“ eins skringilega og það hljómar.

Eins og sjá má er Bill er fátt óviðkomandi. Á líðandi stundu kaupir kann upp bújarðar í erg og gríð til að vernda umhverfið, og fjárfestir eins og ýjað er að, í allra handa líftæknirannsóknum, sem einkum beinast að matvælaframleiðslu, æxlun, lyfjum og bólusetningum.

Bill birtist nær undantekningalaust og hvarvetna, þegar heilbrigðismál eru rædd eða veraldar gagn og nauðsynjar eru brotnar til mergjar. Hann er kynntur sem mannvinnur, kraftaverkamaður, völva, vitringur og viðskiptajöfur, svo snjall, að fáir komast með tærnar, þar sem hann hefur hælana.

Síðast gerði hann út á skattgreiðendur með fyrirgreiðslu stjórnvalda í lýðræðisríkjum Vesturlanda, seldi þeim, þ.e. fyrirtæki hans, lyf eða bóluefni með ofboðslegum hagnaði. Ráðuneyti Katrínar Jakobsdóttur tók þátt í þeirri auðgun Bill.

Víða er komið fram við Bill eins og hann væri þjóðhöfðingi, enda hefur hann keypt, stutt eða mútað á báðar hendur í heimi fjölmiðla, stjórn mála og viðskipta heima við, og á alþjóðlegum vettvangi.

Ítök hans í heilbrigðisþjónustu eru ógnvænleg. T.d. er hann stærsti fjárfestir í Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (World Health Organization - WHO) og atkvæðamikill innan Alheimsefnahagsráðsins (World Economic Forum). Ráðið hefur markvisst unnið að alheimsþróunaráætlun, sem í meginatriðum er sú sama og Sjálfbærniáætlun Sameinuðu þjóðanna, enda eru þar að miklu leyti sömu hagsmunaöfl, sem ráða för.

Það er mikið vatn runnið til sjávar, síðan mamma hans bað auðkýfinginn, Warren Buffet, að taka piltinn upp á sína arma og kenna honum um auð og rétt viðhorf til tilverunnar. Bill var sendur í læri hjá International Business Machines (IBM), sem var hluti tölvuþróunarumhverfis í Kaliforníu. Þar var líka Steve Jobs (1955-2011). Þeir félagar rifust síðar um, hvor hefði stolið meiru af annarra hugbúnaði og hugmyndum, sjálfum sér til framdráttar.

Báðir sköruðu eld að eigin köku. Bill hagðaðist ofsalega á hugbúnaði sínum í skjóli bellibragðaeinokunar. Hann var sökum þessa dreginn fyrir dómstól og dæmdur. Thomas Penfield Jackson (1937-2013), dómari, lýsti Bill svo: „Hann lítur á sjálfan sig sem eins konar Napóleon og [lítur stórum augum á] fyrirtæki sitt. Hrokinn á rætur í valdi og óbrigðulli (unalloyed) velgengni, ...“

Bill var námsfús. Í bók sinni, „Á rölti meðal risanna“ (Walking among giants) sagði hann m.a.:

„Við drógum þann lærdóm af skoðun og samstarfi við Rockefellerfjölskylduna, að árangur í bíræfenni áætlun væri undir því kominn, að stofnað væri til samstarfs við félaga með sams konar viðhorf. Og okkur lærðist [líka], að ekki dygði að hugsa til skemmri tíma. Rockefellerfjölskyldan vinnur að laust erfiðra verkefna í marga ættliði.“

Rockefellerfjölskyldan hafði m.a. komist að því, að ásýndin og orðsporið skipti meginmáli. Því voru ímyndartæknifræðingar ráðnir til starfa og stofnaðir allra handa velgjörða og mannúðarsjóðir, háskólar m.m. sem þjónuðu því hlutverki að stuðla að framgangi áhugamála fjölskyldunnar og auka auð hennar.

T.d. fjármagnaði hún svokallaða „erfðabótastofu“ (eugenics record office) í heimalandinu og erfðabótarannsóknir við Kaiser Wilhelm háskólann í Þýskalandi. Það var grunnurinn að rannsóknum og stefnu þýskra nasista og síðar að „Mannfjöldaráðinu“ (Population Council), mannvinastofnun (non-governmental organization) Rockefellerfjölskyldunnar hjá SP.

Mannvinafskiptabrellan reyndist auðjöfrunum happasæl, enda hafði löggjafinn séð til þess, að slík viðskipti yrðu ekki skattlögð, að marki. Bill fetar í svipaða viðskiptaslóð og aðrir úr hans sauðahúsi.

Bill hefur eins og Rockefellerfjölskyldan og góðkunninginn, Jeffrey Epstein (1953-2019), brennandi áhuga á mannkynbótum. Hann setti á stofn sjóð (eftir krókaleiðum) með Jeffrey, samkvæmt frétt New York Times, til að fjármagna mannkynbætur að hætti þýskra nasista. Aðalsæðisgjafinn var Jeffrey sjálfur. Hugmyndin var að sæða 20

konur í kippum. Ég þekki ekki til nánara fyrirkomulags þessarar merkilegu mannræktar. En það er óhætt að fullyrða, að líkur sæki líkan heim.

Í framhaldinu verður fjallað lítillega um bólusetningaherferðir Bill – stundum í beinu samstarfi við SP, einkum WHO og Barnaverndarstofnun þeirra (UNICEF - United Nations International Children's Emergency Fund). Viðskiptahugmyndin er líklega ættuð frá David Rockefeller (1915-2017), sem einnig studdi kvenfrelsunarhreyfinguna og átti hugmyndina að hamfarahlýnun. Það er nú reyndar svo, að eitt fyrirtækja hans hefur sett á markað fjarstýrða örflögugetnaðarvörn, sbr. skýrslu Nordplant frá árinu 1988.

Eins og kunnugt er, stefnir Bill að bólusetningu allra heimsins barna fyrir hinum og þessum sjúkdómum, ekki síst fyrir covid-19, og þeim pestum framtíðar, sem hafa verið boðaðar, sumar hverjar. (Bill hefur nú fengið samkeppni frá öðrum mannúðarauðfursta, Mark Zuckerberg, sem ætlar að koma í veg fyrir heilsufarsraunir jarðarbúa fyrir 2100.)

Sums staðar eins og t.d. í Keníu, hefur kveðið svo rammt að spillingu í sambandi við bólusetningar, sbr. bólusetningar við stífkrampa (tetanus), að almenningur hefur sent Gates (í þessu tilviki kvenfrelsarannum Melinda Gates) erindi þess efnis, að þau hætti fjáraustri til yfirvalda. Þar var forsætisráðherrann, Uhuru Kenyatta, í brennidepli.

Þetta gerðist á ráðstefnu í Naróbí árið 2019, þar sem saman kom fjöldi leiðtoga og fræðimanna til að leggja á ráðin um aðgerðir til að stöðva dauða af barnsförum og kynbundið ofbeldi, svo og stuðla að fjölskylduáætlunum. Uhuru var stefnt fyrir alþjóðlegan dómstól fyrir glæpi gegn mannkyni, en ákæru var vísað frá.

Nefnd bólusetningarherferð hófst árið 2013 í samvinnu við WHO og Unicef með það fyrir augum að uppræta stífkrampa hjá brjóstmylkingum. Hún beindist gegn konum á barnseignaraldri, þ.e. stúlkum frá 14 ára aldri. Sami leikurinn hefur verið leikinn í Mexíkó, í Gvatemala og á Filippseyjum.

Í bóluefnið er laumað mótefnisvaka (tetanus toxoid), sem vinnur gegn kynkirtil- eða æxlunarvakanum (hormóni - human chorionic gonadotropin - hCG), sem verður til í fylgjunni, þegar kona hefur þungast. Þar af leiðandi stundum kallaður þungunarvakinn. Það er í grundvallaratriðum sama aðferð og notuð er við getnaðarvarna (anti-fertility vaccine) - og fóstureyðingabólusetningar (abortifacient vaccine).

Því má við bæta, að Kenía virkar á lyfja- og bólusetningaiðnaðinn eins og mykjuskán á mý. Enska er nefnilega opinbert tungumál, arfur frá breska heimsveldinu. Innviðir eru betri í flestu tilliti samanborið við önnur lönd Afríku og fáar hindranir í vegi iðnaðarins til að fara sínu fram. Því er ekki að undra, að mannvinaauðvaldið sjái sér leik á borði í Keníu til að gera tilraunir á auðtrúa fólki, börnum ekki síst.

Tilraunirnar í Keníu minna óneitanlega á bóluefnagetnaðarvarnartilraunir í Ródesíu/Zimbabwe á áttunda áratugi síðustu aldar, í þeim tilgangi að fækka fólki. Lyfið eða bóluefnið heitir Depo-Provera. Algengar aukaverkanir eru; þyngdaraukning, truflun tíðablæðinga, trúlega auknar líkur á krabbameini hjá konum yngri en 35, blóðskortur (anemia), beinþynning (oseoporosis) og hætta á alnæmissmiti.

Tilraunin var síðar gerða á konum í Ghana á árunum 1999-2006 í boði Alþjóðápróunarstofnunar Bandaríkjanna (United States Agency for International Development – USAID), Mannfjöldaráðinu og Rockefellerstofnuninni (Rockefeller Foundation). Rockefellerfjölskyldan hefur eins og áður sagði, veruleg ítök í mannfjöldaráðinu. Í þessari tilraun var markmiðið einnig fólksfækkun. Níu þúsund konum var talin trú um, að um væri að ræða reglubundna heilbrigðisþjónustu.

Bóluefnið hefur nú fengið nýtt heiti, Sayana press. Bill, USAID og Barnafjárfestingasjóðurinn (Children's Investment Fund Foundation), hafa sett það á markað víða í Afríku, en það er bannað í BNA. Markmið Barnafjárfestingasjóðsins er að „bæta líf barna.“ (Framhald með heimildalista.)